



## UTAN Yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur opn- uð á Kjarvalsstöðum í dag SEILINGAR



Það er stundum sagt að fjarlægðin geri fjöllin blá – rétt eins og einhver fjarlægð sé til; rétt eins og það hjarta sem slær í brjósti sérhverrar manneskju sé ekki sama hjartað og hefur alltaf slegið þar – hvort sem hún er hémegin eða þarmegin stórra sjóa; rétt eins og Ísland breytist þótt hún bregði sér bæjarleið; rétt eins og tíminn geti breytt bláu fjalli í minningu eða söknuð.

Svo speglast blátt fjall og blár himinn í hafinu og grasið er svo undurgrænt, hvítur fénaðurinn hreinn; skilin milli litanna skörp, línur hreinar. Og það eru litbrigði augnanna sem ráða því hversu blátt og hversu grænt; hvaða bláa og hvaða græna við sjáum á sérhverju æviskeiði eða í nýju umhverfi.

Í augum margra fölna litbrigði jarðar með aldrinum, eða eins og útlendur málari sagði einu sinni við mig: „Þegar menn eru ungir nota þeir sterka lit. Með aldrinum dofna þeir.“ En hjá Louisu Matthíasdóttur er því ekki þannig farið.

